

Fundargerð 2. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness  
Fundarstaður: Ráðhúsið, Stykkishólmi  
Fundardagur: 29. mars 2004

Mættir fulltrúar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í Framkvæmdaráði:

Fjarverandi: Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – [salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is)  
- í hans stað mætti Hrefna Birkisdóttir, varamaður Eyja- og Miklaholtshrepps –  
[vegamot@mmedia.is](mailto:vegamot@mmedia.is)

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gulli@hellnar.is](mailto:gulli@hellnar.is)

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is)

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

Fjarverandi: Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [hjj@mi.is](mailto:hjj@mi.is) - í  
hennar stað mætti Gísli Ólafsson, varamaður Grundarfjarðarbæjar – [goss@vdsl.is](mailto:goss@vdsl.is)

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [finsen@soffi.com](mailto:finsen@soffi.com)

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is)

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [dagnv@stykkisholmur.is](mailto:dagnv@stykkisholmur.is)

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is)

Guðlaugur Bergmann setti fundinn kl. 13:00. Meðan menn fengu sér kaffi og meðlæti var spjallað lítillega um nýafstaðna ferð til Nýja Sjálands, þar sem Snæfellsnes verkefnið var kynnt. Guðlaugur byrjaði síðan á því að renna yfir fundargerð síðasta fundar og skoða hvað fjallað var um og í hvaða farvegi þau mál eru nú.

Síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Staðfesting á tilnefningu varamanna
2. Farið yfir stjórnsluatriði ráðsins – kt. – reikningur – erindisbréf – rekstrarform (byggðasamlag)
3. Tengsl við sveitarstjórnirnar – upplýsingaflæði um næstu skref
4. Ákvörðun tekin um slagorð fyrir Snæfellsnes
5. Greinargerð um ferðina til Kaikoura rædd
6. Viðmiðum mætt GG21 – 20. maí n.k.
7. Fjáröflun rædd
8. Upplýsingamiðstöðvar og bráðabirgðalausn á Vegamótum
9. Bæklingagerð
10. Framkvæmdir Vegagerðarinnar – bréf og svör
11. Framkvæmdaáætlun - forgangsverkefni
12. Frétt í fréttabréf heimasvæðanna
13. Önnur mál

1. Staðfesting á tilnefningu varamanna

Fulltrúar sveitarfélaganna staðfestu að sveitarstjórnirnar hefðu samþykkt þá tillögu um varamenn sem lögð var fram á síðasta fundi. Staðfestir varamenn ráðsins eru því::

- Valgerður Hrefna Birkisdóttir, Vegamótum fyrir Ástþór Jóhannsson – [vegamot@mmedia.is](mailto:vegamot@mmedia.is)
- Smári Björnsson, Snæfellsbæ fyrir Guðlaug Bergmann – [smari@snb.is](mailto:smari@snb.is)

- Eyþór Björnsson, Snæfellsbæ fyrir Guðrúnu G. Bergmann – [evthor@grundarfjordur.is](mailto:evthor@grundarfjordur.is)
- Margrét Valdimarsdóttir, Þjóðgarðinum fyrir Guðbjörgu Gunnarsdóttur – [margretv@ust.is](mailto:margretv@ust.is)
- Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, Grundarfirði fyrir Hrafnhildi Jónu Jónasdóttur – [framnes@hotel-framnes.is](mailto:framnes@hotel-framnes.is)
- Gísli Ólafsson, Grundarfirði fyrir Sigríði Finsen – [goss@vdsl.is](mailto:goss@vdsl.is)
- Benedikt Benediktsson, Helgafellssveit fyrir Hildibrand Bjarnason – [bb07@hvippinn.is](mailto:bb07@hvippinn.is)
- Ragnheiður Valdimarsdóttir, Stykkishólmi fyrir Menju von Schmalensee – [saeferdir@saeferdir.is](mailto:saeferdir@saeferdir.is)
- Davíð Sveinsson, Stykkishólmi fyrir Dagnýju Þórisdóttur – [david@stykkisholmur.is](mailto:david@stykkisholmur.is)

Fá þeir héðan í frá sendar fundargerðir Framkvæmdaráðs til að eiga auðveldar með að fylgjast með framgangi mála, þurfi þeir að mæta á fund sem varamenn.

2. Farið yfir stjórnýsluatriði ráðsins – kt. – reikningur – erindisbréf – rekstrarform  
 Farið var yfir stjórnýsluatriði ráðsins. Ekki er búið að skrá það með kennitölu en sú skráning þarf að vera í samræmi við rekstrarform þess. Kom mönnum saman um að líklegast væri besta formið byggðasamlag, þar sem sveitarstjórnirnar skipa fulltrúa í ráðið og er það því samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Sigríður og Dagný tóku að sér að kanna það mál nánar, svo hægt sé að skrá ráðið. Gísli lagði til að sennilega væri rétt að hýsa bókhald Framkvæmdaráðs hjá einhverri sveitarstjórninni vegna kostnaðar við endurskoðun, VSK skýrslur o.fl. og yrði það þá væntanlega gert í Stykkishólmi þar sem gjaldkeri býr þar.

Ekki hefur verið stofnaður reikningur en samþykkt var að Dagný myndi stofna reikning á sinni kt. til að byrja með svo hægt væri að innheimta styrki frá sveitarfélögunum og byrja að greiða fyrir fundarsetur og akstur.

Dagný og Stefán unnu ekki að endursamningu erindisbréfs eftir síðasta fund, svo samþykkt var að Guðrún og Dagný tækju það að sér. Væntanlega verður hægt að senda það til samþykktar í sveitarstjórnnum í framhaldi af þessari fundargerð.

Dagný upplýsti jafnframt hverjar greiðslur sveitarfélaganna væru fyrir nefndarstörf. Sagði hún að Héraðsnefnd greiddi 7.000 krónur til almenns fundarmanns og 14.000 krónur til formanns. Var lagt til að sama upphæð yrði greidd til nefndarmanna í Framkvæmdaráði þar sem fundir þar væru yfirleitt 3 tímar – en ekki 2 eins og væri yfirleitt í nefndum sveitarfélaganna. Var tillaga hennar samþykkt. Greitt verður fyrir akstur skv. taxa ríkisins en hann er um 55.- krónur per km.

3. Tengsl við sveitarstjórnirnar – upplýsingaflæði um næstu skref  
 Guðlaugur greindi frá því að Eyþór, settur sveitarstjóri í Grundarfirði, hefði farið fram á það að haldinn yrði fundur með starfsmönnum sveitarfélaganna til að kynna verkefnið

fyrir þeim. Beðið er eftir tillögu að tímasetningu frá honum, svo og öðrum sveitarstjórum en verkefnisstjórn telur rétt að starfsmenn allra sveitarfélaga eigi kost á kynningu.

Jafnframt er stefnt að almennri kynningu á verkefninu innan sveitarfélaganna. Nefndarmenn eru beðnir að hafa samband við félög í sínum sveitarfélögum og koma á fundum með þeim. Vinsamlegast látið Guðrúnu vita af mögulegum fundartímum í [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is). Guðrún mun setja upp glærupakka með kynningu á verkefninu. Í fyrstu munu hún og Guðlaugur sjá um kynninguna, en reiknað er með að aðrir nefndarmenn geti síðan tekið að sér kynningu t.d. í skólum á sínu svæði o.s.frv.

Guðrún bað um að líka yrði fjallað um lið 12. undir þessum lið og las upp tillögu að grein til kynningar á stöðu verkefnisins sem senda mætti í bæjarblöðin og Skessuhorn. Var samþykkt að stytta hana og mun Guðrún gera það í samvinnu við Menju.

Einnig var rætt um að sveitarfélögin kæmu sér upp sér vefsvæði á vefjum sínum (þau stærri sem eru með vefi) þar sem finna mætti upplýsingar og gögn um GREEN GLOBE 21 vottun Snæfellsness.

#### 4. Ákvörðun tekin um slagorð fyrir Snæfellsnes

Eftir miklar vangaveltur fram og tilbaka um nýtt slagorð fyrir Snæfellsnes fannst loks slagorð sem allt ráðið samþykkti einróma. Töldu menn þessi einföldu orð ná því að fanga þau hughrif og sjónhrif sem ferðamaðurinn verður fyrir á Snæfellsnesi. Framkvæmdaráð Snæfellsness leggur því til að héðan í frá verði slagorð Snæfellsness:

Snæfellsnes – Töfrar Íslands  
Snæfellsnes – Magical Iceland

Samþykki sveitarstjórnirnar þetta nýja slagorð fyrir sitt leyti er gert ráð fyrir því að það verði notað við alla kynningu á Snæfellsnesi héðan í frá.

#### 5. Greinargerð um ferðina til Kaikoura rædd lítillga

Um þetta var fjallað í upphafi fundar. Væntanlega verða ákveðin mál sem Ný Sjálendingar hafa náð miklum árangri í tekin sérstaklega fyrir síðar og reynt að yfirfæra þau yfir á Snæfellsnes.

#### 6. Viðmiðum mætt GG21 – 20. maí n.k.

Upphaflega var stefnt að því að verkefnisstjórn GG21 verkefnisins skilaði af sér verkefninu þann 15. apríl n.k. Verkefnið hefur hins vegar verið mun umfangsmeira og þýðing á skjölum af ensku yfir á íslensku – og öfugt – tekið tíma. Verkefnisstjórn hefur því farið fram á að fá leyfi til að skila af sér skýrslu og göngum þann 20. maí n.k. Jafnframt er stefnt að því að þann dag fái Snæfellsnes viðurkenningu fyrir að hafa mætt viðmiðum GG21 (benchmarked).

Rætt var um það á fundinum að leggja það til við sveitarstjórnirnar að þær gerðu eitthvað sérstakt til hátíðarbrigða þennan dag, sem er Uppstigningardagur. Fánar yrðu dregnir að húni, bæjarbúum boðið upp á kaffi (eða boðið að kaupa sér kaffi), einhver dagskrá í

félagsheimilum, kannski fyrirlestur eða eitthvað gagnvirt gert. Jafnframt var talað um að viturlagt gæti verið að dreifa til bæjarbúa upplýsingamiðum sem skýrðu verkefnið aðeins nánar og væru með nokkrar leiðbeiningar um það hvað þeir gætu gert til að styðja við verkefnið. Verður framkvæmd þessa máls nánar rædd á fundi með sveitarstjórum. Guðrún og Menja taka að sér að koma með tillögur um texta sem nota mætti á upplýsingarmiðana.

#### 7. Fjáröflun rædd

Guðlaugur hafði framsögu um það hvernig leitað yrði eftir fjárframlögum til styrktar þeirri stefnu sem sveitarfélögin hafa markað sér. Eru þar mörg járn í eldinum. Taldi hann ekki nema eðlilegt að sveitarstjórnirnar, fyrirtæki og jafnvel einstaklingar á Snæfellsnesi myndu leggja eitthvað til verkefnisins, því erfitt yrði að leita eftir stórum styrktaraðilum utan að frá ef ekki væri neinn sem styrkti verkefnið heima fyrir. Gísli taldi að heppilegt væri að stofna fyrst Umhverfissjóð Snæfellsness og leita eftir fjárframlögum í hann. Voru menn sammála því og því að æskilegt væri að fá aðila af heimasvæði á einhvern hátt til að styðja verkefnið fjárhagslega.

Jafnframt var samþykkt að leita eftir einum sterkum styrktaraðila, en það er erfitt fyrr en búið er að skrá Framkvæmdaráðið með kennitölu og ákvarða rekstrarform þess. Því liggur á að gera það sem fyrst. Hugsanlegir stuðningsaðilar við þetta verkefni eru: Landsvirkjun, Olís, Landsbankinn, KB banki (Stykkishólmi), Sparisjóður Ólafsvíkur (Ólafsvík), Bónus, Samskip, Shell, VÍS og Flugleiðir.

Fulltrúar í ráðinu er jafnframt beðnir um það að gera lista yfir hugsanlega stuðningsaðila í sínu sveitarfélagi og koma með þann lista á næsta fund. Jafnframt var samþykkt að byrja á að kynna verkefnið vel fyrir heimamönnum áður en farið væri að leita eftir fjárstuðningi frá þeim. Kynningarmálin eru því afar þýðingarmikil.

Samþykkt var að sækja um styrk til Ferðamálaráðs til kynningar innanlands. Mun formaður sjá um þá umsókn.

#### 8. Upplýsingamiðstöðvar og bráðabirgðalausn á Vegamótum

Undir þessum lið var fjallað um hvað hægt væri að gera til bráðabirgða á Vegamótum. Menn voru sammála um að bráðabirgðalausnir væru ekki hagkvæmar, en ráðlegt væri að leita lausna til frambúðar. Hrefna Birkisdóttir kynnti hugmyndir sem hún og eiginmaður hennar eru með að nýbyggingu á Vegamótum. Í framhaldi af því var rætt um að leita fjárfesta, jafnt frá sveitarfélögum á Snæfellsnesi sem og annars staðar til að stofna hlutafélag um framkvæmdir á Vegamótum. Staðurinn hefur mikið gildi fyrir ferðaþjónustu vestar á Nesinu og þar þyrfti m.a. að vera upplýsingamiðstöð.

Jafnframt var rætt um að hugsanlega yrði hægt að setja á stofn sérstaka þjálfun ungmenna til að vinna í slíkri upplýsingamiðstöð fyrir næsta sumar í gegnum Framhaldsskóla Snæfellinga. Gæti þarna verið um nokkurs konar “unglingavinnu” að ræða. Hugsanlega mætti einnig þjálfra eldra fólk, en tungumálakunnátta þyrfti að vera til staðar.

#### 9. Bæklingagerð

Ljóst er að ekki er til fjármagn til að útbúa bækling fyrir þetta sumar, en fáist styrkur frá Ferðamálaráði má auglýsa Snæfellsnes undir nýja slagorðinu og benda á allt það sem Nesið býður upp á. Mikilvægt er talið að hefja sem fyrst vinnu við vefsíðu fyrir Snæfellsnes. Síðu sem veitir ferðamönnum gagnlegar upplýsingar um afþreyingu, áfangastaði, gististaði, vegalendir o.fl.

Gera þarf erlendan bækling fyrir haustið vegna kynningar á WTM (World Travel Mart) í London í nóvember, þar sem stefnt er á að GREEN GLOBE 21 veiti Snæfellsnesi vottunarviðurkenningu. Sami bæklingur yrði væntanlega kynningarefni á ITB (International Tourist Börs) sýningunni í Þýskalandi í mars 2005. Verkefni reiðir sig að miklu leyti þarna á styrk frá Ferðamálaráði til kynningarinnar sem sótt var um, en það voru tvisvar sinnum 15 milljónir (England/Þýskaland) í styrk til verkefnisins.

#### 10. Framkvæmdir Vegagerðarinnar – bréf og svör

Eftir síðasta fund skrifaði Menja bréf til Vals hjá Ferðamálaráði vegna framkvæmdaáætlunar Vegagerðarinnar. Guðrún mun hafa samband við hann og kanna hver staða málsins er.

#### 11. Framkvæmdaáætlun – forgangsverkefni

Helstu verkefni felast í því að ljúka því að mæta viðmiðum og vottun og undirbúa svæðið fyrir kynningu. Guðlaugur mun taka saman lista yfir þau verkefni sem framundan eru og koma með á næsta fund – eða senda hann út með næstu fundargerð.

#### 12. Frétt í fréttabréf heimasvæðanna

Tekið fyrir undir lið 3. Jafnframt samþykkt að senda grein um ráðstefnuna í Kaikoura til Morgunblaðsins, ásamt Kaikoura yfirlýsingunni, sem lesin var á fundinum.

#### 13. Önnur mál

Ákveðið var að halda næsta fund 19. apríl n.k. í Grundarfirði kl. 13:00. Fundarstaður nánar kynntur síðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Fundarritari: Guðrún G. Bergmann